

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Blönduósbæ.

Sveitarstjórn Blönduósbæjar samþykkti þann 11. mars 2021 breytingu á deiliskipulagi við Stekkjarvík, urðun og efnistaka, sem tók gildi 17. september 2015. Deiliskipulagsbreytingarnar snúa að því að auka urðun á svæðinu sem og að bæta við brennsluofni og gassöfnunarböðru sem þýðir stækkun svæðisins, breytta afmörkun og breytingar á texta í deiliskipulaginu.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Blönduósi, 25. ágúst 2021.*

**Porgils Magnússon**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 8. september 2021